

ÚTBÚNAÐUR LEIKSKÓLABARNSINS

Útifatnaður

- Snjógalli
- Pollagalli
- Þykk peysa og /eða flíspeysa
- Ullar- eða flísbuxur
- Stígvél og kuldaskór (eða loðfóðruð stígvél, þá sláið þið tvær flugur í einu höggi)
- 1-2 húfur t.d. þunna (buff) og þykka
- Lágmark 2 pör af ullarsokkum
- 3 - 4 pör af vettlingum
- Pollavettlingar
- 2 Plastpokar fyrir blaut föt



(Athugið að þessi listi er engin skylda og notist sem viðmið)

Það sem á að vera í aukafatakössum:

- 1 nærbolur
- 2 nærbuxur (eða 2 samfellur)
- 1 peysa
- 2 buxur
- 2 sokkapör/sokkabuxur

Frágangur í fatahólfi barnsins



Í hólfinu eiga að vera þau útiföt sem barnið á að nota yfir daginn, setjið þau á snaga eða í neðri hillu hólsins og á skógrindina. Þetta er gert á mánudegi en á föstudögum eru hólfin tæmd svo hægt sé að þrifa þau. Nauðsynlegt er að yfirfara útifötin á hverjum degi, taka með heim það sem er blautt/skítugt og koma með nýtt daginn eftir þar sem leikskólinn á ekki aukafatnað til láns. Ef barninu vantar aukaföt þá þurfum við að hringja í foreldra. Munið að merkja vel allan fatnað (líka skófatnað) svo hann rati á rétta staði.

Kveðja frá
kennurum Tröllaborga

